



Fundargerð 80. fundar skólanefndar Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Dagsetning: mánudagur 19. nóvember 2018 klukkan 16:30 í Fjölbrautaskóla Snæfellinga.

Viðstaddir:

Björg Ágústsdóttir (formaður), Hilmar Már Arason, Vilborg Lilja Stefánsdóttir, Örvar Marteinson, Helga Guðmundsdóttir, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir skólameistari, Sólrún Guðjónsdóttir aðstoðarskólameistari, Áslaug Stella Steinarsdóttir áheyrnarfulltrúi nemenda, Erna Guðmundsdóttir áheyrnarfulltrúi kennara og Guðrún Jóna Jósepsdóttir fjármálastjóri sem ritaði fundargerð.

Formaður setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fund. Áslaug Stella Steinarsdóttir áheyrnarfulltrúi nemenda boðin sérstaklega velkomin á sinn fyrsta fund.

Dagskrá:


1. Fundargerð síðasta fundar lögð fram til samþykktar.

Fundargerð samþykkt samhljóða.

2. Stefna skólans, þriggja ára plan.

Skólameistara FSN, Hrafnhildi Hallvarðsdóttur gefið orðið. Stefna skólans er gerð til þriggja ára í senn. Það er búið að senda á Mennta- og menningarmálaráðuneyti stefnu til þriggja ára, 2019-2021. Eitt að markmiðum er að fleiri nemendur ljúki prófi úr framhaldsskóla á tilskildum tíma. Það er vissulega áhyggjuefni að lægra hlutfall nemenda á upptökusvæði skólans er að skila sér í FSN. Fjölbrautaskóli Snæfellinga verður að markaðssetja sig meira og vera á tánum. Það er ekki tilfinning fundarmanna að það sé neikvæð umræða í garð skólans á upptökusvæðinu heldur eru aðrir góðir kostir að toga eins og verknám, íþróttabrautir og fjölskyldusaga. FSN þarf að sérhæfa sig á öðrum sviðum og skapa sér forskot þannig, til dæmis í upplýsingatækni og tölvum. Markmið og mælikvarðar skoðaðir.

Stefna skólans og skólanámskrá er í endurskoðun en við endurskoðun skapast tækifæri til þess að skerpa á ímynd eða sérstöðu skólans, upplýsingatækni. Fjarnám við skólann hefur dregist saman en það er skólanum dýrt. Það er sóknartækifæri fyrir skólann að efla og auka fjarnám. FSN þarf að útbúa flott myndbönd til kynningar á skólanum og starfsemi. Í tilefni af fimmtán ára afmæli var ákveðið að taka aftur upp stefnumótun skólans. Það var ákveðið að vinna að frekari stefnumótun FSN á vorönn 2019 með aðkomu utanaðkomandi aðila. Fundarmenn eru sammála um



mikilvægi þess að halda sérstöðu skólans á lofti og gleyma ekki hvað FSN stendur fyrir.

3. Starfsmannamál

Á haustönn 2018 hófu fjórir nýir kennarar störf. Einhverjir kennarar eru í fæðingarorlofi og aðrir ráðnir tímabundnir í þeirra stað. Það eru 35 fjarnemendur í námi á haustönn 2018. Útskriftarefni eru sex í desember og þar af eru fjórir í fjarnámi.

4. Fjármál – áætlun

5. Heimasíða FSN

Aðstoðarskólameistari FSN, Sólrún Guðjónsdóttir sýndi nýja vefsíðu skólans sem fer í loftið á næstu dögum.

6. Húsfundur 16.október

Það er unnið úr upplýsingum af fundinum í sjálfsmatshópi FSN. Niðurstöður síðasta húsfundar verða kynntar á næsta húsfundi ásamt niðurstöðum úr kennslukönnunum. Við framkvæmd húsfunda eru lög um framhaldsskóla höfð til hliðsjónar en þar kemur fram að nemendur eigi rétt á því að koma á framfæri sjónarmiðum sínum varðandi námsumhverfi, námstilhögun, fyrirkomulag skólstarfs og aðrar ákvarðanir sem snerta þá.

7. Erasmus


Aðstoðarskólameistari FSN, Sólrún Guðjónsdóttir sagði frá styrkjum sem FSN hefur fengið til þess að taka þátt í Erasmus samstarfsverkefni.

Science Around Us fer í nóvember 2018 til Grikklands, febrúar 2019 til Finnlands og á fleiri staði.

FSNERasmus er á instagram og eru allir hvattir til þess að fylgjast með.

8. Tallinn og Tröllaskagi

Skólameistari FSN, Hrafnhildur Hallvarðsdóttir sagði frá Eco media ráðstefnu sem haldin var á Tröllaskaga í október. Skólameistari fékk nýjar hugmyndir og er hugmyndin að skoða nýjar áherslur í fjarkennslu. Hvað er fíkn, hvað er ofnotkun og hvað er hæfilegt í sambandi við tölvur? Aðstoðarskólameistari FSN, Sólrún Guðjónsdóttir sótti Evrópuþing skólameistara í Tallin. Fyrirlestrarnir voru mjög gagnvirkir og flottir.




9. Fulltrúi NFSN segir frá félagslífi nemenda

Áslaug Stella sagði frá félagslífi nemenda en nú er undirbúningur fyrir jólaskemmtun í gangi. Stjórnin er skipuð forseta, ritara, gjaldkera og formanns skemmtinefndar. Það er enginn markaðsstjóri núna. Það var kaffihúsakvöld í síðustu viku fyrir nemendur á upptökusvæðinu í 10. bekk. Nemendafélagið mun skoða það að bjóða nemendum í 9. bekk á næsta kaffihúsakvöld. Nemendafélagið stóð fyrir bíókvöldi í Kviku á haustdögum sem heppnaðist vel. Það stendur til að halda jólabíókvöld á næstu dögum. Það er markvissara að viðburðir á vegum nemendafélagsins fari líka í gegnum grunnskólanna. Það eru einhverjir í stjórn úr öllum sveitarfélögunum á Snæfellsnesi.

10. Önnur mál

- Skólameistara falið að endurvekja foreldraráð við skólann.
- Forvarnarteymi FSN var skipað á haustdögum en teymið er skipað forvarnarfulltrúa, námsráðgjafa, skólameistara og nemendum.
- Fundargerðir kennara- og starfsmannafunda til kynningar.
- Það er mikil ánægja með það að rútan stoppar nú við íþróttahúsið í Snæfellsbæ.
- Er samstarf hjá námsráðgjafa hjá félags- og skólapijónustunni og námsráðgjafi hjá FSN?
- Nemendafélagið er tilbúið til þess að skoða það að halda kaffihúsakvöld fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Það má einnig skoða það að fá styrk til að fjármagna rútur eða skipuleggja aksturinn betur í samráði við foreldrafélög grunnskólanna. Skemmtanalíf nemenda FSN er mjög dýrmæt markaðssetning fyrir skólann. Nemendafélagið ætlar að bjóða 9. bekk á kaffihúsakvöld á næstu önn og skipuleggja akstur.
- Stofna myndbandanefnd þar sem nemendur gera stuttmyndbönd með það að markmiði að kynna skólann og nemendafélagið. Tilvalið samstarfsverkefni fyrir skólann og nemendafélagið.
- FSN ætlar að efla tækni, tölvur og nýungar. Hæfileiki og færni nemenda í takt við fjórðu iðnbyltinguna.
- Upplýsingar um nemendur og félagslíf á heimasíðu skólans og á Instagram síðu nemendafélagsins.
- Athuga HVE og ríkisstjórnarsáttmála um eflingu geðheilbrigðis í framhaldsskólakerfi. Skoða sérstaklega varðandi nemendur til 18 ára.

FSN – Fundargerð



Fundið slitið klukkan 19:12.

Nefndarmenn skoðuðu Elísabetu, nýjan fjölnotasal, Kviku og héldu til myndatöku.